**Hverfisráð Kjalarness**

Ár 2017, fimmtudaginn 15. júní var haldinn 154. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn var haldinn í Fólkvangi og hófst kl. 17.10. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Eldey Huld Jónsdóttir, Ólafur Þór Zoéga og Baldvin Þór Grétarsson. Auk þeirra sátu fundinn Jóna Björg Sætran, áheyrnarfulltrúi framsóknar og flugvallarvina, Sigþór Magnússon áheyrnafulltrúi íbúasamtaka Kjalarnesar, ásamt Ingibjörgu Sigurþórsdóttur, framkvæmdarstjóra Miðgarðs og Margréti Richter deildarstjóra stoðþjónustu- og rekstrar.

**Þetta gerðist:**

1. Verkefni í Hverfið mitt yfirfarið og verkefni listuð upp. Unnið verðum með útfærslu listans á milli funda.

- Kl. 17.18 tekur Guðfinna Ármannsdóttir sæti á fundinum.

2. Fram fer umræða um skilgreiningu á dreifbýli/þéttbýli í Reykjavík.

   Hverfisráð Kjalarnes leggur fram svohljóðandi bókun:

   > Hverfisráð Kjalarnes óskað eftir því að fá sent til sín frá Reykjavíkurborg hver skilgreining borgarinnar um hvað sé dreifbýli og hvað sé þéttbýli í Reykjavík.

3. Lagt fram erindi frá rekstrarfélagi Fólkvangs, dags. 22. febrúar 2017, varðandi rekstur Fólkvangs.
   Frestað.

- Kl. 18.55 víkja Ólafur Þór Zoéga, Sigþór Magnússon og Baldvin Þór Grétarsson af fundinum.

4. Lögð fram styrkbeiðni frá félagsheimilinu Fólkvangi rekstrarfélag, kt: 600913-1070.
   Samþykkt að styrkja að upphæð 20.000 kr.

5. Lagt fram erindi úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 24. maí 2017 varandi breytingu á Borgarlínu.

6. Lagt fram erindi úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 26. apríl 2017 um Vesturlandsveg.

7. Lagt fram erindi úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 26. apríl 2017 um breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar varðandi veitinga- og gististaði.

**Fundi slitið kl. 19.15**

Sigríður Pétursdóttir

Eldey Huld Jónsdóttir Guðfinna Ármannsdóttir